



FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

- Ármúla 12 - Sími: 525 8800 - Bréfasími: 525 8810 - fa@fa.is

Þarfir nemenda í FÁ

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs
Samningur 27.2012-2013
Verkefnisstjóri: Hannes Í. Ólafsson
Mars 2013

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Markmið verkefnis..... | 3 |
| Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði | 3 |
| Frávik frá áætlun..... | 4 |
| Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið | 5 |
| Niðurstöður verkefnisins og mat á því..... | 5 |
| Niðurstöður verkefnisins | 6 |
| Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins | 7 |

Markmið verkefnis

Samkvæmt umsókn var markmið verkefnis eftirfarandi:

Í almennum hluta nýrrar Aðalnámskrár framhaldsskóla (2011) eru skilgreindir grunnþættir menntunar og segir þar að þegar skólastarf sé metið þurfi m.a. að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á skólastarfið í heild og að annar hluti slíks mats sé mat sem skólar framkvæma sjálfir. Jafnframt segir að til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þurfi að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Þær upplýsingar og þau gögn, sem eru lögð til grundvallar matinu, taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Verkefni þetta er þáttur í að afla gagna um nemendur skólans og að stuðla að lýðræðislegri þátttöku í skólastarfinu. Í umsókn segir m.a. að tilgangur sé að meta hvernig grunnþættir setja mark sitt á skólastarfið og að byggja upp mynd af fjölbreytni nemendahóps FÁ. Þetta er gert til að skólinn geti mætt ólíkum þörfum nemendanna og tekið tillit til þeirra í skólastarfi framtíðar. Þannig er unnið í samræmi við nýja Aðalnámskrá framhaldsskóla auk þess sem unnið verði í samræmi við hugmyndir um lýðræðisleg vinnubrögð. Nemendur munu þannig taka fullan þátt í að móta spurningalista sem lagður verður fyrir alla nemendur skólans. Þeir taka þátt í raunhæfu verkefni og rödd nemenda mun glögglega heyrast í þeirri skólanámskrá sem nú er unnið að.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Við Fjölbrotaskólann við Ármúla er nú unnið að gerð skólanámskrár sem tekur mið af nýrri menntastefnu. Skólanámskráin verður í sífelldri endurnýjun og verkefnið tekur til þess að hlusta eftir röddum nemenda í námskrárgerðinni og virkja m.a. þannig lýðræði í skólastarfinu. Verkefnið er ekki fræðilegt en er unnið til að búa til gagnabanka sem getur nýst skólanum í námskrárgerð og þróunarstarfi.

Verkefnið sem sótt var um styrk til fólst í gerð og úrvinnslu könnunar meðal nemenda skólans. Könnunin var samin af nemendum undir verkstjórn verkefnastjóra. Hún var gerð til

Þess að greina þarfir ólíks hóps nemenda til þess að skólanámskrá Fjölbrautaskólans við Ármúla gæti betur komið til móts við samfélagslegar þarfir þeirra.

Nemendur í áfanganum Fél 403 unnu að gerð spurningalista í samvinnu við kennara sinn og skólastjórnendur. Spurningarnar í könnuninni eru því þær sem nemendur telja mikilvægar og að skipti máli fyrir vellíðan og námsgengi. Nemendurnir sáu um að leggja könnunina fyrir og slá inn gögnum úr henni í SPSS tölfræðiforritið. Þeir unnu síðan að skýrslum um afmörkuð svið könnunarinnar. Lýðræðislegur þáttur verkefnisins birtist þannig annars vegar í þátttöku valinna nemenda í gerð könnunarinnar og hins vegar í þátttöku allra nemenda í könnuninni. Þannig var hlustað eftir röddum nemenda.

Verkefnastjóri og þróunarstjóri skólans völdu síðan tiltekna þætti úr könnuninni til að nota við sjálfsmat skólans. Verkefnastjóri hefur svo tekið þátt í að kynna gerð könnunarinnar meðal félagsfræðikennara í skólum landsins og undirbúið gerð samræmds gagnabanka til að nota í framhaldsskólum svo hægt sé að bera þá saman. Undanfarin ár hefur rannsóknarmiðstöðin „Rannsóknir og greining“ gert kannanir í framhaldsskólum landsins. Þær kannanir hafa snúið að högum ungs fólks en ekki að því að meta skólastarf. Tilgangur þessa verkefnis er að gera slíkt mat auðveldara.

Frávik frá áætlun

Verkefnið er hugsað sem langtímaáætlun. Því lýkur þannig ekki með þessari skýrslu heldur er ætlunin að bæta stöðugt í þann gagnabanka sem hér hefur verið skapaður. Einn þáttur verkefnisins er að þessi gagnabanki geti orðið sameign framhaldsskóla í landinu og að kennarar í hinum ýmsu skólum geti lagt þar gögn úr könnunum í eigin skóla.

Verkefnið var kynnt á sumarnámskeiði félagsfræðikennara í ágúst 2012. Þar kom í ljós að kannanir í öðrum skólum snúa oft að því að meta aðra þætti en sjálft skólastarfið. Þess vegna hefur ekki enn orðið úr því að búa til sameiginlegan gagnabanka ólíkra framhaldsskóla. Vonandi getur þó orðið úr því síðar meir og mun þá þessi könnun nýtast öðrum framhaldsskólum.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Við gerð könnunarinnar var lögð áhersla á lýðræðislega þátttöku og að raddir nemenda fengju að heyrast. Nemendur hafa þannig unnið að raunhæfu verkefni. Þessi áhersla mun væntanlega skila sér í aukinni vitund nemenda um lýðræðisleg vinnubrögð.

Könnunin hefur þegar nýst í sjálfsmati skólans. Með henni hefur enn opnast leið til að virkja þátttöku nemenda í innra mati. Á vefsíðu skólans má m.a. sjá sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2011-2012 (<http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/skyrsla2012.pdf>). Þar (bls. 9-14) er að finna upplýsingar úr könnuninni og hugmyndir um hvernig bregðast skuli við þessum upplýsingum. Samfara birtingu þessarar lokaskýrslu verða birtar helstu upplýsingar um könnunina og helstu niðurstöður hennar. Niðurstöðurnar verða ræddar í ýmsum vinnuhópum innan skólans. Það er þannig full ástæða til að ætla að til framtíðar muni gerð þessa verkefnis skila sér í betra skólastarfi.

Niðurstöður verkefnisins og mat á því

Helsta niðurstaða þessa verkefnis er að nú liggur fyrir gagnabanki um viðhorf nemenda til margra þátta í skólastarfi F.Á. Unnið hefur verið úr þessum gagnabanka og efni hans flokkað. Þannig má nú sjá töflur, krosstöflur og myndrit almennt um viðhorf nemenda og til skólastarfsins. Niðurstöðurnar ná einnig til hvernig viðhorf nemenda skiptast eftir ólíkum hópum. Þannig má sjá að viðhorfin eru að nokkru breytileg eftir kynjum, aldri og brautum. Fylgni ýmissa þátta hefur einnig verið könnuð.

Niðurstöður úr gögnunum hafa verið notaðar í sjálfsmati skólans.

Gagnabankinn er geymdur hjá verkefnastjóra og hjá skólanum. Ætlunin er að gera svipaðar kannanir á hverju skólaári og má þá nota gagnabankann til að sjá hugsanlegar breytingar á viðhorfum nemenda. Skólinn mun grípa til aðgerða í framhaldi þessarar könnunar. Með nýjum könnunum og samanburði við þessa könnun má sjá meta hvernig aðgerðirnar hafa tekist.

Gagnabankinn verður opinn öðrum skólum. Ef áhugi reynist fyrir hendi þar þá má bera saman mat nemenda á skólum og skólastarfi. Þannig má hugsanlega nota afurð þessa verkefnis ekki aðeins til að meta skólastarf í FÁ heldur í mörgum fleiri framhaldsskólum.

Samkvæmt framansögðu hefur verkefnið haft áhrif á þróun skólanámskrár. Könnunin var unnin af nemendum í FÉL403. Þeir áttu stærstan hlut í að semja spurningar, þeir lögðu könnunina fyrir, þeir sáu um innslátt gagna og þeir unnu skýrslur um verkefnið. Verkefnið var þannig raunhæft og reyndi á lýðræðisþátt Aðalnámskrár framhaldsskóla.

Niðurstöður verkefnisins

Helsta afurð þessa verkefnis er gerð gagnabanka um viðhorf nemenda til skólastarfsins í FÁ. Samfara birtingu þessarar lokaskýrslu eru helstu upplýsingar um könnunina og helstu niðurstöður hennar birtar á vefsíðu tengd skólanum. Af almennum niðurstöðum má nefna:

- Tæplega helmingur (48%) nemendanna náði á önninni á undan öllum þeim einungum sem þeir lögðu upp með í dagskóla.
- 95% nemenda í úrtakinu segir að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum.
- Sjö af hverjum tíu nemendum segja að þeir fari að sofa um eða fyrir miðnætti.
- Rétt rúmlega fjórðungur nemenda segist daglega neyta tóbaks af einhverju tagi.
- 36% nemenda segist hafa orðið fyrir einelti og næstum 30% og næstum 30% nemenda segist hafa lagt einhvern í einelti í skóla.
- 23% nemenda segjast vilja leggja meiri áherslu á jafnrétti kynjanna í skólastarfi en nú er gert en 46% segjast vilja leggja meiri áherslu á fræðslu um fordóma.
- Flokkun á rusli: 85% nemenda segist alltaf eða oftast flokka rusl í skólanum á meðan 15% þeirra segast gera það sjaldan eða aldrei.
- Fararmáti: Tæplega 64% nemenda segist oftast ferðast akandi í skólann, tæplega 25% segjast oftast ferðast með strætó en 12% ferðast oftast gangandi eða hjólandi.
- Gagnsemi umsjónartíma: Rétt rúmlega helmingur nemenda segir umsjónartíma gagnlega en tæplega helmingur neitar því að þeir séu gagnlegir.
- Skemmtanir nemendafélagsins: Tæplega 60 % nemenda segist ekki hafa farið á skemmtanir nemendafélagsins utan skólatíma en rétt rúmlega 40% segist hafa gert það.
- Hádegismatur á skólatíma: Þriðjungur nemenda segja algengast að þeir komi með hádegismat að heiman og tæplega þriðjungur segist kaupa hann í skólasjoppunni. 13% þeirra segja að algengast sé að þeir kaupi hann í mötuneyti skólans en 21% segjast kaupa hann annars staðar.
- Lokamat í áföngum: Rúmlega helmingur nemenda segist vilja hafa lokamat í áföngum án lokaprófs. Rúmlega fjórðungur segist vilja að lokapróf gildi 40% eða minna en tæplega 15% segist vilja að lokapróf gildi meira en 40%. 7,5% nefna annað en ofantalið og var þá oftast nefnt símat með möguleika á að taka lokapróf.

Upplýsingarnar eru greindar nánar í skýrslu um verkefnið. Sá þáttur sem greint er frá í þessari skýrslu er aðeins upphafið að því að búa til gagnagrunn þar sem hægt er að sjá breytingar á milli ára. Nemendur hafa þegar byrjað að semja könnun fyrir skólaárið 2012-2013. Sú könnun tekur til margra af þeim þáttum sem hér voru kannaðir og til fleiri þátta sem tengjast skólanámskrá FÁ.

Einnig er vonast eftir því að aðrir skólar nýti sér þær upplýsingar sem finna má í gagnabankanum og að þeir geti bætt í þennan banka þannig að hægt verði að bera starfið saman í ýmsum framhaldsskólum.


Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins

Verkefnið var kynnt á sumarnámskeiði félagsfræðikennara í ágúst 2012. Afrakstur þess er nú öllum opinn á vefsíðu tengdri skólanum:

http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/nemkonnun/nemkonnun_2012.pdf

Afraksturinn verður einnig kynntur nánar fyrir hópum starfsmanna FÁ sem vinna munu að sífelldri endurskoðun skólanámskrár.

Reykjavík 28. mars 2013



Hannes Í. Ólafsson (Verkefnastjóri)



Steinn Jóhannsson (Skólameistari)

